

Reykjavík, 04.10.2019
EHj/ha/bb

Orkustofnun
os@os.is

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um Kerfisáætlun


Síðustu ár hefur Orkuveita Reykjavíkur í umsögnum fyrirtækisins um Kerfisáætlanir Landsnets hvatt til hóflegra fjárfestinga og endurskoðaðs eignarhalds á Landsneti. OR, ásamt dótturfyrirtækjunum Veitum og Orku náttúrunnar, eru í senn einn áhrifalausra eigenda Landsnets, meðal stærstu viðskiptavina þess og í samkeppni við móðurfyrirtæki Landsnets. Þetta hefur OR þótt óheppilegt.

Þess vegna fagnar OR og þakkar yfirlýsingar ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, á opnum fundum Landsvirkjunar og Landsnets í febrúar og mars sl. þar sem hún tók undir þetta sjónarmið, að eignarhaldið væri „óheppilegt“.

Orkuveita Reykjavíkur lýsir sig fúsa til viðræðna við fulltrúa ríkisvaldsins og bindur vonir við að yfirstandandi vinna þess starfshóps sem ráðherra skipaði beri skjótt þann árangur sem stefnt er að.

Hvað varðar einstaka þætti Kerfisáætlunar, vísar Orkuveita Reykjavíkur til umsagna dótturfyrirtækjanna Veitna og Orku náttúrunnar.

Virðingarfyllt,



Bjarni Bjarnason
forstjóri